



Alþingi - atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. júní 2024
UST202405-217/G.S.O.
04.00

Efni: Til umsagnar 1036. mál - tillaga til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til ársins 2030

Vísað er til bréfs dags. 22. maí 2024 þar sem atvinnuveganefnd Alþingis sendi Umhverfisstofnun tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030, 1036. mál, til umsagnar.

Umhverfisstofnun skrifaði umsögn við fyrstu drög að aðgerðaáætlun ferðamálastefnu 2030 þann 30. nóvember 2023. Líkt og þá, þá fagnar Umhverfisstofnun framkominni tillögu að aðgerðaáætlun ferðamálastefnu. Auk þess leggur stofnunin áherslu á að aðkoma þeirra stofnana sem starfa á sviði náttúruverndar sé tryggð við útfærslu stefnumarkandi aðgerða í ferðaþjónustu.

Það hefur vakið athygli Umhverfisstofnunar að dæmum um verkþætti í tillögunni hefur fækkað verulega miðað við þau dæmi sem sett voru fram í áðurnefndum drögum án skýringa hvort það til einföldunar eða vegna framkominna athugasemda á fyrri stigum. Umhverfisstofnun hafði í umsögn sinni frá því í nóvember síðastliðnum bent á ákveðin dæmi sem þörfuðust frekari skýringar. Stofnunin vísar því í þá umsögn varðandi það sem nú hefur verið tekið út ef dæmunum var eingöngu fækkað til einföldunar áætlunarinnar. Má þar til að mynda nefna vísun í umhverfisstjórnunarkefi og auknar kröfur á losun skemmtiferðaskipa í dæmum um verkþátt í kafla A.2, nú D.2., vísun í grænt bókhald í kafla A.3., nú D.3. og vísun í lagasetningu um hámarkslosun frá skemmtiferðaskipum í kafla A.4., nú D.6.

Líkt og í fyrri umsögn tekur stofnunin heilshugar undir fjölda kafla í tillögunni sem hafa tekið litlum breytingum í þeirri tillögu sem nú er til umsagnar. Má þar nefna þróun verkfærakistu vegna þolmarka og álagsmats á áfangstöðum, styrkingu landvörslu og álagsstýringu á ferðamannastöðum. Að öðru leyti vísar stofnunin til þeirra athugasemda sem komu fram í fyrri drögum varðandi þá kafla sem hafa tekið litlum breytingum.

Umhverfisstofnun hefur kynnt sé framkomna tillögu og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við einstaka kafla hennar.

Kafli B.5. - Innviðagjald á skemmtiferðaskip

Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar var bent á að ekki kæmi fram í hvað innviðagjald á skemmtiferðaskip ætti að renna. Nú kemur fram í tillögunni að tekjur af gjaldtökunni verði notaðir til uppbyggingar innviða fyrir ferðaþjónustu. Umhverfisstofnun ítrekar það sem kom fram í fyrri umsögn um að skoða þurfi hvort að tekjur af innviðagjaldi myndu að hluta verða nýttar til reksturs friðlýstra svæða sem eru undir álagi vegna gestakomu farþega skemmtiferðaskipa, ýmist úr nágrannahöfnum eða vegna landtöku utan hafna.

Kafli C.4. - Ábyrgð umsjónaraðila áfangastaða

Umhverfisstofnun tekur undir það markmið að greind verði ábyrgð umsjónaraðila áfangastaða með tilliti til m.a. náttúruverndar og umræðu um þjónustugjöld. Í greinargerð kemur einnig fram að horfa þurfi til almennaréttar með tilliti til heimildar umsjónaraðila áfangastaða til að takmarka aðgengi að áfangastöðum. Umhverfisstofnun ítrekar mikilvægi þess að greining á almennarétt og eignarétti í regluverki fari fram. Það var sett fram í fyrri drögum í dæmum um verkþætti en er ekki tekið fram í tillögunni. Umhverfisstofnun telur brýnt að farið verði í slíkar greiningar á almennaréttinum líkt og tekið var fram í umsögn við drög aðgerðaáætlunarinnar.

Kafli C.7 - Samstarf um móttöku skemmtiferðaskipa og nýtingu innviða

Umhverfisstofnun tekur undir það markmið að móttaka skemmtiferðaskipa skapi verðmæti í sátt við samfélag og náttúru. Styður hún að stofnaðir verði starfshópar í hverjum landshluta sem vinni greiningu og móti stefnu landshlutans um umgjörð og komur skemmtiferðaskipa og landtöku utan hafna. Stofnunin leggur áherslu á að fulltrúar hennar hafi aðkomu að slíkum starfshópum enda, líkt og áður segir, fylgir gestakomu farþega skemmtiferðaskipa mikið álag á friðlýst svæði. Hjá Umhverfisstofnun starfa svæðissérfræðingar sem hafa mikla þekkingu á friðlýstum svæðum í öllum landshlutum.

Kafli C.9 - Samgöngur, þjónusta og öryggi

Hvað varðar tillögur um bætta samgöngur vísar Umhverfisstofnun í fyrri umsögn þar sem stofnunin benti á að betra aðgengi og bætta samgöngur geti leitt til aukins álags á viðkvæma náttúru og þolmörk svæða. Af því leiðir að ef bæta á aðgengi að áfangastöðum er nauðsynlegt að huga jafnframt að uppbyggingu innviða til verndar náttúru, viðhaldi náttúrugæða og þolmörkum gesta og heimamanna. Að auki þarf að huga að tegund áfangastaðar, hvort sótt sé eftir ósnortinni náttúru eða staðbundnu náttúruvætti sem auðveldara er að koma innviðum fyrir öll fyrir.

Kafli D.2. - Innleiðing álagsstýringar á áfangastöðum ferðamanna

Umhverfisstofnun tekur undir það markmið að stýra og jafna álag á áfangastöðum ferðamanna, svo vernda megi meðal annars viðkvæma náttúru. Í lýsingu á aðgerðinni kemur fram að skipaður verði starfshópur til að útfæra fyrirkomulag álagsstýringar og í dæmaskyni nefnt að þar muni gjaldtaka á fjölsóttu ferðamannastaði meðal annars koma til skoðunar. Stofnunin bendir á að gjaldtaka er ekki álagsstýring ein og sér heldur leið til öflunar fjármagns til reksturs og uppbyggingar svæða. Þekkt er jafnvel að áfangastaðir verði vinsælli með hóflegri gjaldtöku. Áður en ákvörðun um álagsstýringu kemur til, er nauðsynlegt að grunnrannsóknir séu til staðar, t.a.m. ástandi náttúru og lífríkis, þolmörkum gesta, nærsamfélags og innviða. Ef það liggur ekki fyrir, er erfiðleikum bundið að ákveða mörkin sem kalla á álagsstýringu. Velja þarf álagsstýringaleiðir af kostgæfni en margar leiðir eru til sem geta jafnað eða minnkað álag á áfangastaði. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að stofnanir á sviði náttúruverndar, t.d. Umhverfisstofnun, taki þátt í starfshópnum.

Auk þess má benda á athugasemd við kafla C.4. en hér væri gagnlegt að fyrir lægi greining á regluverki almannaréttarins.

Kafli E.5 - Upplýsingar og spár um aðsókn að áfangastöðum

Umhverfisstofnun fagnar því að talningar séu nú ávarpaðar með skýrari hætti í tillögunni en um er að ræða breytingu frá drögunum þar sem eingöngu var fjallað um talningar í tengslum við áfangastaðastofur og gerði Umhverfisstofnun athugasemd þar við.

Stofnunin leggur áherslu á að allar talningar ferðafólks séu samræmdar, að haldið sé utan um tölurnar miðlægt og að þær séu áreiðanlegar. Þá telur stofnunin skynsamlegt að Ferðamálastofa sé framkvæmdaraðili, líkt og segir í tillögu, til að talningar séu samræmdar um land allt.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðubúnir að koma á fund atvinnuveganefndar Alþingis og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Inga Dóra Hrólfsdóttir,
sviðsstjóri

Gunnhildur Sif Oddsdóttir,
lögfræðingur